




EFNISTAKA Í MÝRDALSHREPPI

Breyting á Aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012-2028

Gerð deiliskipulags

Skipulags- og matslýsing

12.03.2020



SKÝRSLA – UPPLÝSINGABLAÐ

SKJALALYKILL

8377-001-ASK-002-V01

SKÝRSLUNÚMÉR / SÍÐUFJÖLDI

12

VERKEFNISSTJÓRI / FULLTRÚI VERKKAUPA

Victor Berg Guðmundsson

VERKEFNISSTJÓRI EFLA

Ásgeir Jónsson

TITILL SKÝRSLU

Efnistaka í Mýrdalsheppi

VERKHEITI

Skipulags- og matslýsing

VERKKAUPI

LavaConcept Iceland ehf

HÖFUNDUR

Anna Bragadóttir

1 INNGANGUR

Hér á eftir fer skipulagslýsing fyrir breytingu á Aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012-2028 og fyrir nýtt deiliskipulag ásamt matslýsingu til samráðs um umfang og nákvæmni upplýsinga í umhverfisskýrslu.

Fyrirhuguð breyting á aðalskipulagi felur í sér að skilgreina efnistökusvæði og iðnaðarsvæði í fjörunni austan við Vík í Mýrdal.

Í nýju deiliskipulagi verður m.a. gerð grein fyrir fyrirhuguðum framkvæmdum og settir fram skilmálar um landnotkun og landnýtingu, byggingar og vernd náttúru- og menningarminja.

Áformað er að moka upp sandi í fjöruborðinu sem fluttur verður upp á land þar sem hann verður brotinn niður og flokkaður. Sandurinn hentar vel til sandblásturs og eftir vinnslu á staðnum verður honum keyrt til Þorlákshafnar og hann seldur úr landi. Sandur sem ekki er nýtanlegur er skilað aftur í fjöruna.

1.1 Skipulagslýsing

Gerð skipulagslýsingar er ætlað að tryggja aðkomu almenninga og hagsmunaaðila að skipulagsferlinu á fyrstu stigum þess, auka gagnsæi, tryggja betra upplýsingaflæði, skila betri og markvissari skipulagsvinnu og gefa sveitarstjórn og öðrum sem koma að ferlinu betri yfirsýn allt frá fyrstu skrefum.

Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 skal sveitarstjórn taka saman lýsingu á skipulagsverkefni. Í lýsingu skal koma fram hvaða áherslur sveitarstjórn hafi við aðalskipulagsgerðina, upplýsingar um forsendur, fyrirliggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli svo sem um kynningu og samráð við skipulagsgerðina gagnvart íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum. Samkvæmt 2. mgr. 40. gr. skipulagslaga skal sveitarstjórn einnig taka saman lýsingu við deiliskipulagsgerð þar sem gerð er grein fyrir áherslum sveitarstjórnar við deiliskipulagsgerðina, forsendum og fyrirliggjandi stefnu. Leita skal umsagnar um lýsingu hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum og kynna hana fyrir almenningi.

Þar sem framkvæmdin er tilkynningaskyld skv. 2.03 t.l. í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 er hér einnig sett fram matslýsing og er hún unnin skv. 2. mgr. 6. gr. laga um umhverfismat áætlananna nr. 105/2006 og fjallar um umfang og nákvæmni upplýsinga í umhverfisskýrslu.

Í 2.03 t.l. segir: „Efnistaka og/eða haugsetning á landi eða úr hafsbotni þar sem áætlað er að raska 25.000 m² svæði eða stærra eða efnismagn er 50.000 m³ eða meira. Efnistaka og/eða haugsetning þar sem fleiri en einn efnistökuastaður og/eða haugsetningarstaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir 25.000 m².

Samkvæmt gr. 4.2.2. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 skal sameina gerð skipulagslýsingar og matslýsingar þegar það á við.

Með skipulags- og matslýsingu þessari er íbúum og öðrum hagsmunaaðilum gefinn kostur á að koma með ábendingar og athugasemdir sem snúa að málefnum deiliskipulagsins og aðalskipulagsbreytingarinnar.

2 FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR

2.1 Markmið

Fyrirtækið LavaConcept Iceland ehf. hefur óskað eftir að gerð verði breyting á aðalskipulagi Mýrdalshrepps og heimild til að leggja fram tillögu að deiliskipulagi með það að markmiði að vinna sand úr fjörunni austan Víkur til útflutnings. Sandurinn verður brotinn niður og seldur til notkunar við sandblástur. Sandurinn í fjörunni er harður og oddhvass og er því talinn henta mjög vel til sandblásturs. Auk þess sem svæðið er aðgengilegt og vegna mikils framburðar jökuláa á suðurlandi þá er stöðug endurnýjun efnisins og er því staðsetning þessi talin heppileg.

2.2 Skipulagssvæðið

Svæðið er austan Víkur í Mýrdal, neðan suðurlandsvegur og vestan við Kerlingardalsá. Svæðið er í landi Víkur og í landi Fagradals (163013) og ber heitið Víkurfjara í landi Víkur en Fagradalsfjara í landi Fagradals. Neðan þjóðvegur flæmist Kerlingardalsá um sandinn en hún á upptök sín í Mýrdalsjökli. Skammt austan hennar er Múlakvísl og renna þær í til sjávar. Um fjörunnar renna einnig minni lækir og er Uxafótarlækur stærstur þeirra og skiptir hann milli Fagradalsfjöru og Víkurfjöru. Uppgræðsla hefur verið á sandinum undanfarin ár og er rýr gróðurþekja á hluta fjörunnar.



Mynd 1. Yfirlitsmynd yfir fyrirhugað skipulagssvæði. Framkvæmdarsvæðin verða afmökkuð innan rauða rammans, endanleg staðetning vinnslusvæðis verður ákveðin í samráði við landeiganda, þó alltaf fjær vegi en 100 m. (©Loftmyndir ehf)

Svæðið er að mestu mótað af sandframburði úr Kötlugosum og er mikill sandur á ferðinni úti fyrir suðurströnd landsins sem berst frá landi með vatnsföllum. Í fjörum hefur verið tekinn sandur í tugi ára sem sjávarföllin sáu um að endurnýja og eru þessar gömlu efnisnámur ekki sýnilegar og öll merki þeirra voru tiltölulega fljót að mást í burtu.

3 FYRIRLIGGJANDI STEFNA OG FYRIRHUGUÐ BREYTING

3.1 Landsskipulagsstefna

Í Landsskipulagsstefnu er fjallað um mikilvægi þess að taka tillit til náttúruvár og umhverfisbreytinga svo sem vegna hækkunar sjávarborðs, og náttúruvár, svo sem snjóflóða, skriðufalla, vatnsflóða, eldgosa, jökulhlaupa og jarðskjálfta, með það að markmiði að varna slysum á fólki og tjóni á mannvikjum. Í skipulaginu skal því gera grein fyrir þeirri náttúruvá sem er til staðar og meta þörf á viðbragðsáætlun. Upplýsingar Veðurstofu Íslands um náttúruvá og loftslagsbreytingar verði lagðar til grundvallar í skipulagsgerðinni.

Skipulagsgerð á haf- og strandsvæðum er almennt ætlað að stuðla að vernd og viðhaldi vistkerfa, draga úr árekstrum ólíkrar starfsemi og stuðla að betri og upplýstari ákvarðanatöku. Við gerð skipulagsáætlana skal því meta sjálfbærni og viðhaldi vistkerfa og skoða hvort hætta sé á árekstrum milli ólíkrar starfsemi.

Breyting á aðalskipulagi mun verða í samræmi við landsskipulagsstefnu.

3.2 Aðalskipulag

Í gildandi aðalskipulagi er Víkurfjara skilgreind innan þéttbýlis á óbyggðu svæði. Óbyggð svæði eru mikilvæg fyrir ásýnd og upplifun í sveitarfélaginu. Á óbyggðum svæðum er ekki gert ráð fyrir mannvirkjum, nema sérstaklega sé getið um slíkt í skipulagi eins og ljósleiðari ofarlega í fjörunni og raflínur Raríks meðfram Suðurlandsvegi. Fagradalsfjara er hins vegar utan þéttbýlis og er skilgreind sem landbúnaðarsvæði. Landbúnaðarsvæði eru mikilvæg auðlind í Mýrdalshreppi, fyrir matvælaframleiðslu, atvinnu og sjálfbæra nýtingu. Það er stefna aðalskipulagsins að ganga ekki á ræktanlegt land á skipulagstímabilinu.


Í kafla 1.8. Strandlengja kemur fram að það sé almenn stefna í aðalskipulaginu að reisa ekki mannvirki á ströndinni, til að vernda og nýta strandlengjuna til útivistar og fyrir lífríki. Heimild er til efnisnáms á strandlengjunni á afmörkuðum svæðum. Efnisnáma E11 Kerlingardalsá er ofarlega í fjörunni.

Í skipulagsreglugerð segir í 6.2. gr. Stefna um landnotkun:


„g. Efnistöku- og efnislosunarsvæði (E).

Svæði þar sem ráðgert er að taka, vinna eða losa jarðefni. Efnistökusvæði eru svæði á landi, í sjó, ám eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er efnistaka eða efnisvinnsla, svo sem malarnám, sandnám, grjótnám, gjallnám eða vikurnám. Efnislosunarsvæði eru svæði á landi, í sjó, ám eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er landfylling eða losun jarðefna, sem eru hrein og ómengduð, svo sem jarðefni sem til falla vegna byggingarframkvæmda.“ (auðlindaráðuneyti, 2013)

Efnisnámur eru yfirleitt skilgreindar sem óendurnýjanleg auðlind. Sérstaða Mýrdalshrepps hvað varðar efnisnám er uppspretta efnis vegna efnisflutnings sjávar annars vega og jökulfljóta hins vegar. Auðlindin er því að ákveðnu marki endurnýjanleg (Mýrdalshreppur, 2012).



Mynd 2. Gildandi Aðalskipulag Mýrdalshrepps 2012-2028, sveitarfélagsuppdráttur. Svæði sem breytingum tekur eru innan rauða hringins.



Mynd 3. Gildandi Aðalskipulag Mýrdalshrepps 2012-2028, þéttbýlisuppdráttur. Svæði sem breytingum tekur innan þéttbýlismarka eru innan rauða hringins.

Skilgreind eru 20 efnistökusvæði í Mýrdalshreppi og eru þau sett fram í töflu 1.1 í kafla 1.9 Efnistaka. Í töflu 1 hér fyrir neðan er sýnt efnistökusvæðið E1 sem er í jaðri skipulagssvæðisins.

Tafla 1. Efnistökusvæði í Mýrdalshreppi.

EFNISTÖKUSVÆÐI	STÆRD*	GERÐ
E1 Víkurfjara	II	Sandur og mól

*Stærðir miðast við heildarefnisvinnslu námu.

(I): Mjög lítil náma minni en 10.000 rúmmetrar.

(II): Lítil náma; 10.000 til 25.000 rúmmetrar.

(III): Meðalstór náma; 25.000-100.000 rúmmetrar.


(VI): Stór náma; allt að 150.000 rúmmetrar.

(V): Mjög stór náma; stærri en 150.000 rúmmetrar.

Breyting verður gerð bæði á uppdrætti og greinargerð aðalskipulagsins. Bætt verður við nýjum efnisnámmum í fjöruborðinu austan Víkur og austan fyrirhugaðs varnargarðs Vegagerðarinnar. Skilgreint verður iðnaðarsvæði í samráð við landeiganda ofar í fjörunni þar sem efnisvinnsla mun fara fram.

3.3 Deiliskipulag

Á svæðinu er í gildi deiliskipulag frá 1998, urðunarsvæði við Uxafótarlæk. Svæðið hefur verið notað til urðunar á seyru og stefnt er að því að svo verði áfram.



Mynd 4. Gilandi deiliskipulag frá 1998.

Í nýju deiliskipulagi verður gerð grein fyrir aðkomu að svæðinu frá Suðurlandsvegi, akstursleiðum innan svæðisins, efnistökusvæðum í fjöruborðinu og skilgreind verður lóð á iðnaðarsvæði þar sem gerður

verður byggingarreitur fyrir aðstöðuhús og eftir atvikum aðrar byggingar. Gerð verður grein fyrir þeim tækjabúnaði sem á lóðinni verður, orkunotkun, geymslu efnis og mögulegum skjólveggjum.

Deiliskipulagið verður til 5 ára. Gerð verður grein fyrir frágangi svæðisins við lok deiliskipulags-tímabilsins. Mögulegt er að af vel gengur að gert verði nýtt ótímabundið deiliskipulag og framkvæmdin sett í umhverfismat.

4 UMHVERFISMAT - MATSLÝSING

Við breytingu á aðalskipulagi og við gerð deiliskipulagsins skal meta líkleg áhrif af fyrirhuguðum framkvæmdum og skulu eftirfarandi meginatriði koma fram skv. gr. 4.4 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013:

- a) „*Lýsing og samanburður á kostum sem til greina koma um þróun byggðar, staðsetningu og útfærslu hennar og einstakra framkvæmda, m.t.t. áhrifa á umhverfið, svo sem með tilliti til sérkenna einstakra svæða og/eða verndargildis. Þetta getur t.d. átt við um tegund landnotkunar, þéttleika byggðar eða stefnu um samgöngur,*
- b) *hvernig tryggt er að tillagan í heild, einstök markmið hennar og framfylgd valdi sem minnstum neikvæðum umhverfisáhrifum. Við mótun tillögu skal tekið tillit til umhverfissjónarmiða og þess gætt að einstök markmið hennar samræmist meginmarkmiðum skipulagstillögunnar og markmiðum reglugerðar þessarar,*
- c) *hvort setja þurfi í aðalskipulagi skilyrði fyrir deiliskipulagsgerð og framkvæmdum á síðari stigum, til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á umhverfið“.*

Umhverfismat áætlana er unnið samhliða skipulagsgerð, með þátttöku skipulagsnefndar. Með því móti nýtist umhverfismatið best í þeim tilgangi að taka tillit til umhverfissjónarmiða og stuðla að óskertum eða bættum umhverfisgæðum fyrir þá sem nýta svæðin.

Umhverfismatinu er ætlað að:

- Nýtast við ákvarðanatöku í skipulagsvinnunni.
- Upplýsa um möguleg umhverfisáhrif stefnunnar.
- Undirbyggja og rökstyðja ákvarðanatöku í skipulagsgerð.
- Aðstoða við val á milli skipulagskosta með samanburði á umhverfisáhrifum þeirra.

Í skipulagsgerðinni er umhverfismat áætlana jafnframt mikilvægt til að tryggja samræmi á milli stefnumiða í mismunandi málaflokkum skipulagsins og tryggja að umhverfismarkmiðum sveitarfélagsins sé haldið á lofti. Umhverfismatið verður sett fram í umhverfisskýrslu sem fylgir skipulagsgögnunum.

4.1 Matsskylda

Þær framkvæmdir sem fyrirhugaðar eru á svæðinu falla undir B flokk í 1. Viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda n.t.t. tölulið 2.03. Þar með fellur aðalskipulagsbreytingin og

deiliskipulagið undir lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana og mun fylgja skipulagsáætlunum umhverfisskýrsla.

4.2 Umhverfisþættir og áherslur

Í umhverfisskýrslu verða skoðuð áhrif á umhverfisþættina sem sýndir eru í töflu 2 og þeir metnir í samræmi við stefnuskjöl og viðmið. Yfirlit yfir meginspurningar í umhverfisskýrslu er að finna í töflu **Error! Reference source not found.** Í umhverfisskýrslu verða sett viðmið fyrir hvern umhverfisþátt. Viðmiðin verða sett með tilliti til laga og reglugerða, stefnuskjala sveitarfélagsins ásamt settum markmiðum sveitarfélagsins í samfélags- og umhverfismálum auk viðmiða í opinberum stefnuskjöllum og/eða alþjóðlegum skuldbindingum.

Tafla 2. Umhverfisþættir, helstu matsspurningar og viðmið.

UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNINGAR	DÆMI UM VIÐMIÐ
Jarðmyndanir	Mun skipulagið fela í sér áhrif á jarðmyndanir sem njóta verndar eða þykja sérstæðar?	Lög nr. 60/2013 um náttúruvernd. 1. gr. um markmið laganna. 3. gr. um verndarmarkmið fyrir jarðminjar og 61. gr. um sérstaka vernd jarðminja.
Gróður	Mun skipulagið hafa áhrif á gróður – vistsvæði og plöntutegundir?	Lög nr. 60/2013 um náttúruvernd. 1. gr. um markmið laganna. 2. gr. um verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir. 60. gr. um friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda og 61. gr. og 62. gr. um vernd vistkerfa og bakkagróðurs.
Dýralíf	Mun skipulagið hafa áhrif á dýralíf – vistsvæði og dýrategundir?	
Fornminjar	Mun skipulagið hafa áhrif á fornminjar?	Lög nr. 80/2012 um menningarminjar. 1. gr. Um markmið laganna, 16. gr. Um skipulag og 23. gr. Um fornleifar í hættu.
Ásýnd og landslag	Mun skipulagið hafa áhrif á ásýnd svæðisins? Mun skipulagið hafa sjónræn áhrif? Mun skipulagið hafa áhrif á náttúrulegt landslagi?	Lög nr. 60/2013 um náttúruvernd. 1. gr. um markmið laganna, 3. gr. um verndarmarkmið fyrir landslag. Stefna um svæðið í aðalskipulagi Mýrdalshrepps.
Heilsa og öryggi	Mun skipulagið hafa áhrif á hljóðvist og loftgæði á nærliggjandi svæðum? Mun skipulagið hafa áhrif á umferðaröryggi? Mun skipulagið hafa áhrif á lýðheilsu?	Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir Vegalög nr. 80/2007 Velferð til framtíðar
Sjór og strandsvæði	Mun skipulagið hafa áhrif á sjó og/eða strandsvæði?	Lög nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda
Samfélag	Mun skipulagið hafa áhrif á atvinnu í sveitarfélaginu? Mun skipulagið hafa áhrif á útivist í Víkurfjöru? Mun skipulagið hafa áhrif á öryggi fólks í Víkurfjöru?	Stefna um atvinnu í gildandi aðalskipulagi og stefnumið í landsskipulagsstefnu

5 KYNNING OG SAMRÁÐ

Með kynningu skipulags- og matslýsingar þessarar er umsagnaraðilum, hagsmunaaðilum og almenn- ingi gefinn kostur á að leggja fram sjónarmið og ábendingar sem að gagni gætu komið. Jafnframt er óskað samráðs við Skipulagsstofnun um umfang og áherslur við mat á umhverfisáhrifum.

Skipulags- og matslýsingin verður kynnt með auglýsingu í blöðum/dreifiritum og á vefsíðu sveitar- félagsins <http://www.vik.is>. Einnig verður skipulagslýsingin aðgengileg á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa að Austurvegi 17, 870 Vík. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast skrifstofu sveitarfélagsins eða skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa á netfangið bygg@vik.is, fyrir auglýstan tímafrest.

5.1 Umsagnaraðilar

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Vegagerðin
- Minjastofnun Íslands
- Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
- Heilbrigðiseftirlitið
- Landgræðslan
- Veðurstofa Íslands

Eftir atvikum verður leitað eftir umsögnum annarra aðila, þ.á.m. innan stjórnýslu sveitarfélagsins.

5.2 Samráð

Á vinnslutíma mun aðalskipulagsbreytingin og deiliskipulagið ásamt umhverfisskýrslu verða kynnt bæði íbúum/almenningi og sveitarstjórn.

6 SKIPULAGSFERLI

Meðferð skipulags- og matslýsingar verður skv. skipulagslögum nr. 123/2010.

TAFLA 3 Drög að skipulagsferlinu ásamt tímasetningum, birt með fyrirvara um breytingar.

MÁNUÐUR	LÝSING
Mars	Skipulagslýsing tekin fyrir í skipulagsnefnd og send Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum til umsagnar. Lýsingin verður jafnframt kynnt almenningi. Gefinn verður tveggja vikna frestur til að skila inn athugasemdum.
Mars/apríl	Tillaga að aðalskipulagsbreytingu ásamt umhverfisskýrslu og deiliskipulag tekin til umfjöllunar í skipulagsnefnd, kynnt almenningi og lagðar fyrir sveitarstjórn í kjölfarið.
Apríl/maí	Tillaga að aðalskipulagsbreytingu ásamt umhverfisskýrslu og deiliskipulag samþykkt til auglýsingar í sveitarstjórn og send Skipulagsstofnun, sem veitir heimild til auglýsingar, innan 4 vikna. Tillaga auglýst og send til umsagnaraðila. Gefinn verður sex vikna frestur til þess að skila inn athugasemdum.
Júní/ágúst	Tillaga að aðalskipulagsbreytingu ásamt umhverfisskýrslu og deiliskipulag afgreiddar í sveitarstjórn, að undangenginni umræðu skipulagsnefndar, með breytingum sem athugasemdir kunna að gefa tilefni til, og send Skipulagsstofnun.
September/október	Gildistaka aðalskipulagsbreytingar og deiliskipulags auglýst í B- deild Stjórnartíðinda.